

Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík



Reykjavík 8. júní 2015
UST201505-093/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að gerð hverfisskipulags fyrir borgarhlutann Árbær

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að hverfaskipulagi fyrir fjögur hverfi innan Árbæjar, Ártúnsholt, Árbæjarhverfi, Selás og Norðlingaholt.

Hverfisskipulag

Í inngangi kemur fram að hverfisskipulag er tegund deiliskipulags fyrir gróin hverfi og felst verkefnið við gerð þess að stuðla að sjálfbærri þróun og vistvænum úrlausnum fyrir hverfið í heild sinni.

Ellidaárdalur

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að Elliðaárdalur sé skilgreindur sem borgargarður. Einnig kemur fram að stefnt er að afmörkun hverfisverndarsvæðis fyrir Elliðaárnar og nánasta umhverfi þeirra. Umhverfisstofnun bendir á að Elliðaárdalur er svæði nr. 124 á náttúruminjaskrá, en í skránni eru svæði sem mikilvægt þykir að vernda og í skránni er svæðinu svo lýst: Vatnasvið Elliðaár í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa. Fjölbreytt náttúrufar, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að friðlýsa svo fjölbreytt og þýðingarmikið útivistarsvæði fyrir höfuðborgarbúa. Stofnunin bendir á að mögulegt er að ná fram jafnvægi milli verndunar og nýtingar svæðisins til útivistar með friðlýsingu.

Vistkerfi og minjar

Í kaflanum um vistkerfi og minjar bls. 25 segir við mynd 8. Verndarsvæði: no 4 Elliðaárdalur. Friðlýstur staður. Stofnunin bendir á að dalurinn er á náttúruminjaskrá, sjá framangreint.

Votlendi


Í umfjöllun um náttúru- og hverfisverndarsvæði í Norðlingaholti kemur fram að austan og sunnan við hverfið er Bugða/Suðurá sem er á hverfisverndarsvæði fyrir gróskumikið votlendi á flæðilandi þar sem er mikið fuglalíf. Umhverfisstofnun tekur undir það að svæðið er hverfisverndarsvæði enda nýtur


votlendi 3 ha að stærð eða stærra sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þess ef þeirra ef þess er nokkur kostur.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er gerð hverfisskipulags ofangreindra hverfa ásamt þeirri viðleitni að stuðla að sjálfbærri þróun og vistvænum úrlausnum til fyrirmyndar.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri